

ÍSLENSKUR
STAÐLARÁÐ ÍSLANDS STAÐALL

2.útgáfa 2018
Gildistaka 2018-05-15
ICS 69.003.23

**Samningsskilmálar um
hönnun og ráðgjöf**

**Conditions of contract for
design and consulting services**



SÝNISHORN

© Staðlaráð Íslands 2018. Öll réttindi áskilin.

Án skriflegs leyfis útgefanda má ekki endurprenta eða afrita þennan staðal með neinum hætti, vélrænum eða rafrænum, svo sem ljósritun, hljóðritun eða annarri aðferð sem nú er þekkt eða verður síðar fundin upp, né miðla staðlinum í rafrænu gagnasafni.

1. prentun.

Formáli

Staðallinn ÍST 35 *Samningsskilmálar um hönnun og ráðgjöf* kemur hér út í 2. útgáfu. Fyrsta útgáfa staðalsins var gefin út 1992. Vinnuhópur á vegum Byggingarstaðlaráðs (BSTR) vann að endurskoðun staðalsins.

Vinnuhópurinn skipaðu:

Rögnvaldur Gunnarsson	Vegagerðin, formaður
Bjarni Gunnarsson	Félag ráðgjafarverkfræðinga
Egill Viðarsson	Félag ráðgjafarverkfræðinga
Guðlaugur Þórarinsson	Samorka
Guðmundur Pálmi Kristinsson	Samband íslenskra sveitarfélaga
Kristjana Ósk Birgisdóttir	Samband íslenskra sveitarfélaga
Helgi Már Halldórsson	Samtök arkitektastofa
Kolbeinn Kolbeinsson	Samtök iðnaðarins
Örn Baldursson	Framkvæmdasýsla ríkisins
Arngrímur Blöndahl	BSTR, ritari

Staðlinum fylgir samningsform sem er ekki eiginlegur hluti staðalsins. Einnig er hægt að fá samningsformið rafrænt á heimasíðu Staðlaráðs Íslands.

ÍST 35:2018

Efnisyfirlit

Formáli _____	3	7 Ábyrgð ráðgjafa _____	8
1 Umfang og gildissvið _____	5	7.1 Tryggingar _____	8
1.1 Gildissvið _____	5	7.2 Skaðabætur _____	8
1.2 Gildi gagnvart samningi _____	5	8 Tímaáætlun _____	9
2 Hugtök og skilgreiningar _____	5	8.1 Almennt _____	9
3 Skyldur verkkaupa og ráðgjafa _____	6	8.2 Tafir _____	9
3.1 Gagnkvæmar skyldur _____	6	8.3 Flýting _____	9
3.2 Skyldur ráðgjafa _____	6	8.4 Seinkun _____	9
3.3 Skyldur verkkaupa _____	6	8.5 Frestun _____	10
4 Samningur _____	6	9 Tafabætur _____	10
4.1 Verkefnið _____	6	10 Þóknun _____	10
4.2 Þættir ráðgjafar _____	7	10.1 Almenn ákvæði _____	10
5 Framkvæmd samnings _____	7	10.2 Helstu tegundir þóknunar _____	10
5.1 Umboðsmenn samningsaðila _____	7	10.3 Þóknun vegna endurnotkunar _____	10
5.2 Undirráðgjafar, hliðarráðgjafar _____	7	10.4 Þóknun vegna breytinga verkkaupa _____	11
5.3 Hópráðgjöf _____	7	10.5 Kostnaður _____	11
6 Hugmyndir og gögn _____	7	10.6 Greiðslur _____	11
6.1 Nýting hugmynda _____	7	11 Stöðvun eða riftun _____	11
6.2 Nýting gagna _____	8	11.1 Stöðvun _____	11
6.3 Birting gagna _____	8	11.2 Riftun verkkaupa _____	11
6.4 Varðveisla gagna _____	8	11.3 Riftun ráðgjafa _____	12
		12 Ágreiningur _____	12

Viðauki A

Samningsform milli aðila sem fyllist út ef við á _ 13

1 Umfang og gildissvið

1.1 Gildissvið

Ákvæði staðalsins gilda um alla ráðgjöf vegna mannvirkja. Staðallinn gildir um samningssambandið milli verkkaupa og ráðgjafa.

1.2 Gildi gagnvart samningi

Staðall þessi er hluti af samningi verkkaupa og ráðgjafa.

Eftirfarandi gögn eru almennt hluti samnings. Sé misræmi í gögnum skulu þau gilda í eftirfarandi röð sé annað ekki tekið fram:

- 1) Undirritaður samningur.
- 2) Staðfestar bókanir á fundum aðila í aðdraganda samningsgerðar.
- 3) Tilboð ráðgjafa.
- 4) Útboðs- eða verkefnislýsing.
- 5) Staðall þessi.

Telji verkkaupi eða ráðgjafi að ákvæði í ofangreindum gögnum stangist á, ber honum að tilkynna það gagnaðila sínum án tafar.

2 Hugtök og skilgreiningar

Í staðli þessum gilda eftirfarandi hugtök og skilgreiningar.

2.1

verkkaupi

sá sem með samningi felur ráðgjafa að vinna verkefni

2.2

ráðgjafi

sá sem með samningi tekur að sér að vinna verkefni fyrir verkkaupa

2.3

verkefni

ráðgjafarstarf eða skilgreind vinna sem inna skal af hendi samkvæmt samningi milli verkkaupa og ráðgjafa og skilgreint er í samningsgögnum

2.4

undirráðgjafi

sá sem með samningi við ráðgjafa tekur að sér að vinna afmarkaða þætti verkefnis

2.5

hliðarráðgjafi

sá sem með samningi við verkkaupa vinnur að sama eða öðru tengdu verkefni án þess að vera með samningssamband við ráðgjafa

2.6

hópráðgjöf

ráðgjöf sjálfstæðra ráðgjafa sem gera sameiginlega samning við verkkaupa

2.7

þóknun / samningsfjárhæð

sú fjárhæð sem tilgreind er í samningi og verkkaupi skal inna af hendi sem greiðslu til ráðgjafa fyrir verkefnið